

Leikskólinn Krílakot

Námskrá 2016



VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

Efnisyfirlit

Inngangur	- 4 -
Leikskólinn Krílakot	- 6 -
Yfirstjórn skólans	- 7 -
Fræðsluvið	- 7 -
Grundvöllur leikskólastarfs	- 8 -
Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:	- 8 -
Markmið Krílakots	- 9 -
Hugmyndafræðilegur grunnur	- 10 -
John Dewey	- 10 -
Lev S. Vygotsky	- 10 -
Howard Gardner	- 11 -
Uppeldi til ábyrgðar	- 11 -
Leikur og nám	- 13 -
Sjálfspróttinn frjáls leikur	- 13 -
Fjórsvjóðsleikur	- 14 -
Val	- 15 -
Val	- 15 -
Hópastarf	- 16 -
Hópastarf í Krílakoti	- 17 -
Útívera, útikennsla og hreyfing	- 18 -
Útikennsla og hreyfing á Kátakoti og Hólakoti	- 20 -
Útikennsla og hreyfing á Skýjaborg, Sólkoti og Mánakoti	- 20 -
Náttúra og umhverfi	- 20 -
Tónlist, leikir og dans	- 21 -
Söngfundir	- 22 -
Hvöld	- 22 -
Matmálstímar, heilsa og næring	- 23 -
Hreinlætisvenjur	- 24 -
Samverustundir	- 24 -
Að koma og fara	- 25 -
Grunnþættir menntunnar	- 26 -
Læsi og samskipti	- 27 -
Heilbrigði og vellíðan	- 28 -
Lýðræði og jafnrétti	- 29 -
Sjálfbærni og vísindi	- 30 -
Sköpun og menning	- 32 -
Skóli margbreytileikans	- 33 -

Sértækar þarfir barna	- 33 -
Tvítyngi	- 33 -
Nemendavernd:	- 34 -
Annað:	- 34 -
Foreldrasamstarf	- 35 -
Foreldrafélag	- 35 -
Foreldraráð.....	- 36 -
Þátttökuaðlögun	- 36 -
Foreldrasamtöl	- 36 -
Annað	- 37 -
Þróunarstarf og samstarfsverkefni.....	- 38 -
Þróunarverkefni í vinnslu:.....	- 38 -
Lap 2015-.....	- 38 -
Heilsustefna 2015-	- 39 -
Uppeldi til ábyrgðar 2010 - ?.....	- 40 -
Þróunarverkefni sem hafa verið unnin í Krílakoti og/eða Kátakoti:	- 41 -
Söguskjóður 2013-2014	- 41 -
Skólar á grænni grein til frambúðar.....	- 42 -
Leikskólalæsi 2009-2012	- 42 -
Tónar eiga töframál 2009-2012	- 43 -
Stærðfræði 2006-2012	- 44 -
Comenius 2009-2011	- 46 -
Samstarf við aðra skóla eða stofnanir	- 47 -
Dalvíkurskóli	- 47 -
Bókasafn Dalvíkurbyggðar og Byggðasafnið	- 47 -
Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar	- 48 -
Mat á skólastarfi.....	- 49 -
Starfsfólk leikskólanna.....	- 50 -
Mötuneyti.....	- 51 -
Hagnýtar upplýsingar.....	- 52 -
Afmæli	- 52 -
Fatnaður	- 52 -
Skipulags- og námskeiðsdagar.....	- 52 -
Starfsmannafundir.....	- 52 -
Deildarfundir	- 53 -
Slys/óhöpp	- 53 -
Veikindi og frí	- 53 -
Foreldrahandbók	- 53 -
Heimildaskrá	- 54 -

Inngangur

Undanfarin ár hefur farið fram markviss undirbúningur að sameiningu leikskólanna Krílakots og Kátakots og var áætluð sameining haustið 2016 með það að markmiði að tryggja samfellu í námi barnanna frá 9 mánaða til 6 ára. Undirbúningur fór fram með þeim hætti að einn skólastjóri var yfir báðum skólunum í 3 ár, og aðstoðarleikskólastjóri í tvö ár, með það að markmiði að sameina ýmsa þætti s.s. námskrár og áætlanir auk þess að þjappa starfsmannahópnum saman og móta sameiginlega stefnu. Starfsfólk skólanna vann saman að þessum markmiðum, fundaði og fékk sameiginlega fræðslu og námskeið auk þess að fara í námsferð til Minneapolis til að þjappa hópnum saman og efla þekkingu á uppeldi til ábyrgðar, umhverfismennt og hvernig mögulegt er að vinna með ung börn í leikskólanum. Fyrsta skóflustungan að nýrri viðbyggingu var tekin fimmtudaginn 9 júlí 2015. Það var gaman að fylgjast með byggingunni rísa og sýndu börn, starfsfólk og foreldrar ótrúlegt umburðarlyndi meðan á þessu stóð. Ef tekið er dæmi þá vantaði útgöngu út í garðinn frá forstofunni í 5 mánuði og ganga þurfti gegnum eina deildina í útifatnaði og þrifa oft á dag sem starfsfólkið gerði án nokkurra vandkvæða. Börnin fylgdust með karlmönnum alla daga við störf í Krílakoti sem ekki er algengt í leikskólanum enda voru bara konur starfandi fyrir sumarleyfi en við vorum heppin að með vösku starfsfólki Kátakots sem fluttist í Krílakot í ágúst kom einn karlamaður til starfa sem starfað hafði í Kátakoti til tveggja ára. Það var á Vináttukeðjunni 5 ágúst 2016 sem vígsla fór fram á nýbyggingunni. Gestum og gangandi gafst tækifæri til að skoða Krílakot að innan sem utan og gaman að segja frá því að ný kjörinn forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, kom ásamt konu sinni, og heimsótti skólann þann dag en þau voru í opinberri heimsókn í Dalvíkurbyggð. Það var þriðjudaginn 9. ágúst sem starfsfólk Krílakots og Kátakots mætti til starfa að loknu sumarleyfi og tók til hendinni við að koma leikföngum og öðrum búnaði fyrir áður en börnin komu í skólann þann 11. ágúst til að hefja leik og störf. Öll umgjörð um bygginguna og framkvæmdir í kringum hana hafa verið til fyrirmyndar og ríkir ánægja meðal starfsfólks, foreldra og barna.

Stuðst var við Aðalnámskrá leikskóla 2011 við gerð þessarar námskrár og lauk formlegri innleiðingu vorið 2015. Ný skólastefna Dalvíkurbyggðar leit dagsins ljós árið 2015 og höfum við unnið að innleiðingu hennar sem mun ljúka árið 2017. Það er mikilvægt að námskráin sé í daglegri notkun, að starfsfólk geti gripið hana með sér í daglegu starfi og undirbúningi. Námskráin er skýr en markmið og leiðir eru hafðar

opnar til að gefa starfsfólki tækifæri til að útfæra þær og þróa m.t.t. barnahópsins hverju sinni.

Námskráin er aðgengileg foreldrum og öðrum áhugasömum um leikskólastarfið á heimasíðu leikskólans og er það í takt við umhverfissvænar áherslur okkar.

Námskrá Krílakots er með svipuðu sniði og árið 2015 nema nú hefur leikskólanum Kátakoti verið lokað. Markmið og leiðir eru nokkurnvegin þær sömu og í fyrra enda var búið að samræma markmið og leiðir á síðustu árum. Starfsfólk skólans mun samt sem áður á komandi skólaári vinna að því að fara yfir námskrána með það í huga hvort einhverju þurfi að breyta í nýjum sameinuðum skóla. Markmiðið með reglulegri uppfærslu á námskránni er að setja fram skýra stefnu í uppeldi, umönnun og menntun barna, bæði fyrir foreldra sem og starfsfólk. Stöðug uppfærsla með þátttöku starfsfólks er uppspretta að uppbyggilegum vangaveltum og umræðum um leikskólastarf í samfélagi okkar.

Virðingarfyllst,

Drífa Þórarinsdóttir

6. september 2016

Staðfest í Fræðsluráði Dalvíkurbyggðar

Leikskólinn Krílakot

Leikskólinn Krílakot tók til starfa haustið 1980 í hluta af núverandi húsnæði, þar sem eru tvær eldri deildir, fataherbergi og gangur, en áður eða frá 1975 hafði verið starfræktur leikskóli í gamla skólanum og síðar í Mímisbrunni (þá í eigu skátafélagsins).

Salur, eldhús, skrifstofa, kaffistofa, ræsting, þvottahús og loft var byggt við árið 1987. Árið 2007 var svo þriðja deildin byggð vestan við húsið ásamt bættri starfsmannaástöðu.

Heildarstærð húsnæðis er 411 fm. og leiksvæðis 2.960 fm. eftir að við bættist trjálundur og lóð Móafells.

Skóflustunga að nýrri viðbyggingu var tekin í júlí 2015 og rétt rúmu ári seinna eða þann 5 ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot. Nú heildarstærð húsnæðis um 931,6 fm. Miklar framkvæmdir voru einnig gerðar á gamla húsnæðinu þar sem starfsmannaástaða og eldhús var bætt verulega. Krílakot rúmar um 110 börn í vistun allan daginn í umsjón um 30 kennara og annars starfsfólks.



Krílakot í ágúst 2016

Krílakot
Karlsrauðatorgi 23
4604950
krilakot@dalvik.is
www.dalvik.is/krilakot

Yfirstjórn skólans

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði bæjarstjórnar. Fræðsluráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, skipuðum af þeim flokkum sem eru í bæjarstjórn. Sviðsstjóri fræðslusviðs er starfsmaður ráðsins og er hann jafnframt næsti yfirmaður leikskólastjóra.

Fræðslusvið

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fer fyrir fræðsluskrifstofu Dalvíkurbyggðar. Hlutverk skrifstofunnar er að koma ákvörðunum fræðsluráðs í framkvæmd. Að vera stefnumótandi fyrir skólastofnanir byggðarlagsins og stuðla að því að hver skóli verði framúrskarandi á sínu sviði. Einnig hefur skrifstofan nokkru eftirlitshlutverki að gegna tengdu lögum og mati á gæðum skólastarfsins.

Á skrifstofunni er starfandi, auk sviðsstjóra, sérfræðingur í skólamálum sem er skólum sveitarfélagsins til ráðgjafar og stuðnings. Náíð samstarf er á milli fræðslu- og félagssviðs og veita sérfræðingar þess síðarnefnda leikskólakennurum einnig ráðgjöf og eru samstarfsaðilar hvað varðar sértækar þarfir nemenda.



Fræðsluskrifstofa
Dalvíkurbyggðar
Ráðhúsi
620 Dalvík
s. 460-4900
dalvik@dalvik.is
www.dalvik.is

Grundvöllur leikskólastarfs

Leikskólinn starfar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þjónar hann börnum undir skólaskyldualdri. Hlutverk hans er að ósk foreldra þeirra að annast uppeldi, umönnun og menntun barna þeirra á leikskólaaldri.

Sveitarfélög bera ábyrgð á byggingu og rekstri leikskóla en menntamálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla þar sem fram kemur stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólanna sem þeim ber að vinna eftir. Jafnframt er hlutverk ráðuneytisins að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi.

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu móttast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (lög um leikskóla 90/2008).

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- ✓ að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- ✓ að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- ✓ að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- ✓ að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- ✓ að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- ✓ að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Lög um leikskóla 90/2008).

Markmið Krílakots

Í Krílakoti er lögð áhersla á að veita börnum umhyggju og hlýju, örvun og hvatningu í umhverfi sem þeim líður vel í og þar sem þau finna fyrir öryggi. Einnig að er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf og virðing borin fyrir ólíkum uppruna og fjölbreyttum fjölskyldugerðum. Hollusta og hreyfing er í fyrirrúmi og er lögð áhersla á læsi, stærðfræði, uppeldi til ábyrgðar, tónlist, tengingu við náttúruna og nærsamfélagið í gegnum leikinn.

Yfirmarkmið skólanna er að leggja grunn að alhliða þroska barnanna svo þau verði andlega og líkamlega sterkir einstaklingar sem geta tekið þátt á skapandi, virkan og ábyrgan hátt í lýðræðisþjóðfélagi. Að börnin séu félagslega sterk og geti tekist á við þau verkefni sem bíða þeirra.

Í öllu starfi í Krílakoti er lögð áhersla á einkunnarorð skólans sem eru:

Gleði, sköpun og þor.

Til að vinna að ofangreindum markmiðum auk lögfastra markmiða sem áður eru tilgreind, eru farnar margvíslegar leiðir og er þeim nánar lýst hér á eftir. Unnið er með börnin í litlum sem stórum hópum, í skipulögðu/formlegu starfi og í frjálsum leik, úti sem inni.

Áhersla er lögð á að starfsfólk temji sér jákvæða og uppbyggilega framkomu og viðhorf bæði til barna og starfs. Einnig að starfsfólk leggi sig fram við að sýna börnum og foreldrum og öðru samstarfsfólki virðingu í samskiptum.

Hugmyndafræðilegur grunnur

Faglegt starf leikskólanna byggir í meginatriðum á kenningum þriggja fræðimanna; John Dewey, Lev S. Vygotsky og Howard Gardner. Hugmyndafræði þeirra samræmist vel þeim starfsaðferðum sem skólinn vill vinna eftir í uppeldis- og kennsluáðferðum. Einnig er unnið eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem þróuð er af Diane Gossen.

John Dewey

John Dewey (1859-1952) sem er best þekktur fyrir kenningar sínar um menntun og skólastarf. Í kenningum hans er unnið út frá því að reynsla sé undanfari menntunar og uppspretta þeirra spurninga sem nám byggir á, þ.e. að barnið læri af eigin reynslu og virkni. Nám barnsins á að vera ein heild en reynsla, tilraunir, hæfileikinn til að meta og samvinna styrkja og efla barnið í þekkingarleit sinni. Skapa þarf barninu örvandi uppeldisumhverfi með sýnilegum og aðgengilegum efniviði. Kennarinn hvetur barnið, spyr opinna spurninga og leiðir það áfram til eigin niðurstöðu. Dewey sá tilgang með því að hvetja börn til að hafa frumkvæði, velja og taka ákvarðanir. Hann benti á að kennarar ættu að nota meira óunnin efnivið í kennslu, sem gæfi ekki fyrirfram ákveðnar lausnir. Þannig gætu nemendur þroskað betur hæfni sína til hugsunar. Dewey trúði því að reynslu væri ekki lokið fyrr en búið væri að miðla henni til annarra. (Dewey, 1897). Með því að nota tungumálið, vinna með öðrum og fá tækifæri til að íhuga reynslu sína, eru börn virkir þátttakendur í skólanum (Seefeldt og Galper, 2000).



Lev S. Vygotsky

Lev S. Vygotsky var talsmaður þess að börn fengju að takast á við verkefni sem í raun væru fyrir ofan þeirra getu og kallaði það „svæði hins mögulega þroska“ (e. *Zone of Proximal Development*). Þar átti hann við verkefni sem börnin takast á við með aðstoð sér eldri/færari barna eða fullorðinna og með tímanum þroskist færni og geta þeirra til að leysa verkefni án aðstoðar. Vygotsky taldi þessa leið auka öryggi barna og um leið örva sjálfstæði þeirra og sjálfsmynd (Cole og Wertsch [án ártals]). Vygotsky lagði mikla áherslu á samskipti og taldi að í gegnum þau þrói börn með sér vitsmunarþroska í félagslegu



samhengi. Þar benti hann á mikilvægi talmálsins, sem eins konar „verkfæri“ barnsins til að henda reiður á hugsunum sínum, koma haldi á tilfinningar og tengsl við umhverfið (Berk 1994).

Howard Gardner

Í fjölgreindarkenningu Howard Gardner er talið að einstaklingar búi yfir a.m.k. 8 „greindum“: *málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfþekkingargreind og umhverfisgreind*. Gardner segir að við séum fjölgreindarverur með misjafna færni og áhuga á hverju sviði. Hann telur að hver einstaklingur búi yfir hæfni til að þróa allar greindirnar, fái hann örvun, eflingu og leiðsögn við hæfi. Hann telur að þó svo að börn búi yfir öllum greindarsviðunum frá fæðingu þá tileinki þau sér snemma ákveðnar greindir sem komi fram í styrk og áhugasviði einstaklingsins. Fjölgreindakenningin leggur áherslu á að viðurkenna og leggja rækt við allar greindir sem í mannum búa og viðurkennir þar með einstaklinginn eins og hann er og dregur það besta fram í hverjum og einum (Ingvar Sigurgeirsson 2005).



Uppeldi til ábyrgðar

Í hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar (e. restitution) sem þróuð er af Diane Gossen er lögð áhersla á jákvæð samskipti, uppbyggilega orðræðu, ábyrgð einstaklingsins á eigin hegðun og möguleika hans á að snúa aftur til hópsins eftir neikvæða hegðun. Hugað er að þörfum hvers einstaklings innan leikskólans, bæði barnanna og starfsfólksins.



Öryggi

Hegðun einstaklinganna er greind út frá þörfum þeirra og reynt er að koma til móts við þær eins og kostur er. Fyrir utan grunnþarfir (öryggi sem byggir á: fæði, klæði, hvíld, skjóli, heilsu, hreyfingu og kynþörf) blunda neðangreindar þarfir í hverjum einstaklingi, missterkar þó.

Gleði og ánægja



- Skemmtun
- fögnuður
- hlátur
- að læra nýja hluti

Sjálfstæði og frelsi



- að hafa val
- ákveða sjálf/ur
- að eiga möguleika
- að fá tækifæri

Ást og umhyggja



- að tilheyra
- vinátta
- væntumþykja
- þátttaka

Eigið áhrifavald



- að vera góður í e-u
- að vera mikilvægur
- viðurkenning
- að standa sig vel
- að ráða við

Í orðræðunni er megináhersla á jákvæðni í samskiptum, forðast er að vera með óþarfa neikvæðni, vandað er til hróssins þannig að eitthvað býr raunverulega að baki þegar hrósað er og sett eru skýr mörk um óásættanlega hegðun og viðbrögð við henni. Skilningur er fyrir því að allir geta misstigið sig en þegar slíkt gerist er stefnt að því að viðkomandi geti snúið til baka stoltur, reynslunni ríkari og bætt fyrir það sem misfórst. Uppbyggingarstefnan er notuð á mismunandi máta eftir aldri og þroska barnanna, eftir því sem við á hverju sinni. Til að ná sem mestum árangri er mikilvægt að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræðina og yfirfæri hana síðan yfir á börnin. Megináhersla er lögð á uppbyggileg samskipti starfsfólks sín á milli og við bæði foreldra og börn.

Í Krílakoti vinnum við markvisst að því að skapa umhverfi, í samráði við foreldra, þar sem öllum líður vel og bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

- ✓ Við heilsumst og tökum undir kveðjur með bros á vör.
- ✓ Við erum stöðugt vakandi fyrir því að hrósa og hvetja.
- ✓ Við tölum saman og leysum málin strax.
- ✓ Við baktölum aldrei aðra en komum skilaboðum á framfæri við viðkomandi aðila.
- ✓ Við viðurkennum eigin mistök og virðum hugmyndir annarra.
- ✓ Við erum stundvís og heiðarleg.
- ✓ Við tökum vel á móti nýju starfsfólki.
- ✓ Við notum uppbyggilega gagnrýni og erum jákvæð í garð hvers annars.
- ✓ Við leitumst við að draga fram jákvæðar hliðar samstarfsfólksins og fyrirtækisins innan þess sem utan.
- ✓ Við sýnum hvert öðru gagnkvæma virðingu.



“Það er í lagi að gera mistök”
Við þurfum bara að læra að leiðrétta þau og læra af þeim.

Leikur og nám

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 er áhersla lögð á gildi leiksins í öllu leikskólastarfi. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 kemur skýrt fram að leikurinn er megin námleið barna. Leikurinn skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Sjálfspróttinn frjáls leikur

Leikurinn er mikilvægasta náms- og þroskaleið barns. Börn læra mest í gegnum leik og því er leikurinn hornsteinn alls leikskólastarfs og lífstjáning og gleðigjafi barna. Sjálfspróttinn og frjáls leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Í leik felst mikið sjálfsnám og fylgir honum bæði gaman og alvara. Reynsla barns endurspeglast í leik þar sem barn tjáir tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Börn læra að taka tillit hvert til annars og vinna saman.

Leikurinn er kennslutæki okkar og á honum grundvallast allt starf leikskólans. Frjáls og sjálfspróttinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Auk þess sem það lærir samskiptareglur og að virða rétt annarra. Börnin þurfa tíma til að skipuleggja og setja upp leikinn og þau þurfa samfelldan tíma til að þróa leik sinn og dýpka. Þess vegna er mikilvægt að leikurinn fái góðan samfelldan tíma í dagskipulaginu.



Við leggjum áherslu á að börnin séu ávallt í návist fullorðins í leikjum sínum og ekki eftirlitslaus. Hinn fullorðni er þannig til staðar til að örva leikinn, grípa inn í, leiðbeina, veita öryggi og taka þátt, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Fjársjóðsleikur

Í Krílakoti fara 1-2 ára börnin í fjársjóðsleik einu sinni í viku. Fjársjóðsleikur fer þannig fram að safnað hefur verið saman í bastkölfur alls konar endurnýtanlegum hlutum, ekki leikföngum í hefðbundnum skilningi. Kennararnir útbúa mismunandi körfur með áhugaverðu leikefni s.s. keðjum, lykllum, dósum, boxum, burstum eða það sem þeim dettur í hug að barn geti haft áhuga á. Börnin fá tækifæri til að fylla, tæma, setja saman, stafla, para, raða, draga, hrista, velja, skynja og hafna. Í leiknum fá börnin tækifæri til að kanna og rannsaka hlutina á eigin forsendum, vera litlir vísindamenn. Þau gera ýmsar tilraunir og prófa hvaða eiginleikum hlutirnir eru gæddir. Meðal þess sem þau átta sig á í gegnum leikinn er hvað er líkt og ólíkt, að hlutir haldi jafnvægi og að hlutirnir hafa óendanlega möguleika. Einbeiting barnanna eflist og grunnur að því að finna lausnir myndast. Þau leiða leikinn sjálf og læra um leið að hægt er að gera hluti á margan máta. Engin niðurstaða er rétt eða röng. Í gegnum könnunarleikinn þroska börnin m.a. einbeitingu, athyglisgáfu og samskiptahæfni og málþroski er örvaður, t.d. þegar unnið er með mismunandi form og stærðir.

Hlutverk Starfsfólksins er að fylgjast með leik barnanna og nýta tímann til að fylgjast með leiknum, taka myndir og jafnvel gera skráningar á nálgun og rannsóknnum barnanna og setja á heimasíðu eða skrá í möppur barnanna. Í fjársjóðsleik gefst oft dýrmætt tækifæri til að setja sig í stellingar rannsakandans en ekki þess sem leiðir. Kennarinn ýtir samt sem áður undir ákveðnar hugmyndir sjái hann að leikurinn er að leysast upp því barnið missir þolinmæði og gefst upp. Tíminn sem er notaður í frágang er ekki síður mikilvægur en leikurinn sjálfur. Í gegnum tiltekt læra börnin að hjálpast að og þau læra einnig að með tiltekt fylgja ákveðin verklok.



Val

Valið er rammi utan um frjálsa leikinn. Með því að hafa val ýtum við undir sjálfstæði barnanna og skilning þeirra á því að þau hafa áhrif á eigið líf. Við hvetjum börnin til að velja sjálf og taka ábyrgð á eigin vali. Valið stuðlar að því að börnin þori og vilji takast á við hið óþekkt og verði gagnrýnir einstaklingar sem geta valið og hafnað í lífinu. Það fer eftir aldri og þroska barnanna hversu oft þau fara í val yfir vikuna og eftir skipulagi hvernar deildar.

Markmið að:

- ✓ efla jafnrétti og lýðræðisleg vinnubrögð
- ✓ veita hverju barni tækifæri til að sinna sínum hugðarefnum eins og kostur er
- ✓ efla sjálfstæði og frumkvæði
- ✓ skapa aðstæður fyrir frjálsan/sjálfspröttinn leik

Val

Leiksvæðum skólans er skipt í lautir sem hægt er að velja á milli. Nöfnin á lautunum eru yfirleitt tengd við þau viðfangsefni sem eru í boði á hverju svæði.

Á leikgangi er að finna:

- ✓ tvær Kubbalautir með efnivið sem eflir rýmisgreind og stærðfræðivitund
- ✓ Listalaut sem hefur að geyma efnivið sem hvetur til sköpunar

Á deildunum er að finna:

- ✓ Stóru laut, þar sem velja má ýmsa borðleiki s.s. púsl, spil, kubba og fleira
- ✓ Litlu laut, þar sem velja má bíla, dúkkur, lest, kubba og fleira

Í sal er að finna:

- ✓ Hreyfilaut sem hefur að geyma efnivið sem hvetur til hreyfingar s.s. rimla, dínur, bolta, jafnvægisslá og fleira.

Hafa ber í huga að sum börnin eru ung og er það hlutverk kennarans að meta stöðu hvers einstaklings og aðstoða hann og styðja við valið.

Hópastarf

Hópastarf og hópleikir eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Það er börnum mikilvægt að læra að vinna og leika sér í barnahópi sem það tilheyrir. Í hópleikjum þroska börn með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu, ásamt því að öðlast skilning á gildi samvinnu. Börn læra öðruvísi í samskiptum sínum við önnur börn en við fullorðna. Með jafnöldrum sínum fá börn



tækifæri til að eiga frumkvæði í leik og starfi og deila með öðrum. Í hópastarfi eykst félagslegur þroski barna og vinátta skapast. Með því að örva samvinnu barna eykst samheldni þeirra og ábyrgðarkennd. Börn eru jafn ólík og þau eru mörg og sum þeirra njóta sín betur í litlum hópi heldur en stórum; þau eru öruggari, efla með sér samkennd og styrk sem hjálpar þeim í víðara samhengi. Í litlum hópi myndast tækifæri til persónulegra tengsla milli barna sem og milli barna og kennara sem lærir að þekkja styrkleika og veikleika hvers og eins og skipuleggja hópastarfið eftir því.

Markmið að:

- ✓ stuðla að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- ✓ hvert barn myndi tengsl við jafningja sína og læri að vinna saman í hópi.
- ✓ efla samkennd, tillitssemi og vináttu og koma til móts við þarfir hvers og eins.
- ✓ börnin læri smátt og smátt að vinna út frá ákveðnum fyrirmælum.
- ✓ flétta saman mismunandi námssviðum og aðferðum.
- ✓ styðja börnin í að tileinka sér nýja færni.

Hópastarf í Krílakoti

Hópastarf er þrisvar sinnum í viku. Í hópastarfinu er börnunum skipt í hópa eftir aldri og þroska, í hverjum hóp eru sex til níu börn og einn hópstjóri. Í hópastarfinu eru oft tekin fyrir ákveðin þemu. Það sem tekið er fyrir á hverjum vetri ræðst af hugmyndum barna og kennara. Inn í hópastarfið fléttast leikskólalæsi, stærðfræði, listsköpun, útikennsla og fræðsla um umhverfið og náttúruna, svo eitthvað sé nefnt. Hópastarfstímarnir hafa alltaf upphaf, miðju og endi. Kennarar og börn byrja á að ræða saman um hvað verður tekið fyrir í tímanum, verkefnið er unnið og síðan er ákveðinn endir þar sem börnin þakka fyrir hópastarfið og kveðjast. Í hópastarfi eru grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi, samkvæmt Aðalnámskrá 2011.



Útivera, útikennsla og hreyfing

Í útiveru kynnast börnin náttúrunni og sínu nánasta umhverfi. Þau fá tækifæri til að hreyfa sig óheft, fá útrás og aukið þol. Tilfinning barnanna fyrir veðri og vindum þroskast og hvernig best sé að klæða sig samkvæmt því. Undirbúningur fyrir útiveru fer fram í fataherberginu. Börnin æfa sig í að klæða sig í og úr og við það læra þau ný orð, þjálfra fínhreyfingar og líkamsvitund með aðstoð starfsfólks.

Markmið að:

- ✓ örva sjálfstæði, líkams- og hreyfiproska með því að hvetja börnin til að klæða sig sjálf, allt eftir aldri og þroska.
- ✓ skapa jákvæðar og uppbyggilegar aðstæður í fataherberginu (varast ber að hafa of mörg börn í fataherbergi á sama tíma).
- ✓ efla samkennd og tillitssemi með því að hvetja börnin til að aðstoða hvert annað
- ✓ efla málþroska með því t.d. að setja orð á hluti og athafnir.
- ✓ börnin læri smátt og smátt hvernig best sé að klæða sig m.t.t. veðurs.

Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan hjá börnum. Börn fá útrás í leikjum sem reyna á líkamann og hreyfingin hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol barnanna. Börnin læra að skynja líkama sinn og ná smám saman aukinni hreyfifærni. Í gegnum ólíka hreyfileiki öðlast börn skilning á styrk sínum og getu, auk þess sem sjáfstraust þeirra eykst. Þá eykst einnig samhæfing þeirra, jafnvægi og öryggi. Áhersla er lögð á að börnin læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum, einnig að meta aðstæður, velja, hafna og þora (*Aðalnámskrá leikskóla, 2011*).



Hreyfing skapar tækifæri til að þjálfra hreyfifærni, bæta líkamshreysti, eignast vini, auka félagslega færni og sjáfstraust. Jákvæð reynsla barna af hreyfingu á unga aldri eykur líkurnar á að þau temji sér lífshætti sem fela í sér hreyfingu á fullorðinsaldri (*Lýðheilsustöð, 2008*).

Í Krílakoti er stunduð dagleg hreyfing bæði í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik jafnt úti sem inni. Börnin fara út 1-3 á dag og fer það eftir aldri og þroska auk þess sem veðráttan spilar inni. Þau allra yngstu fara kannski ekki út ef veður er mjög slæmt en æfingin skapar meistarann og eftir því sem aldurinn hækkar verða þau stöðugri, kjarkmeiri, hærrí í loftinu og betur í stakk búin til að takast á við margbreytileika útiverunnar. Í frjálstri útiveru fylgist starfsfólkið vel með leik barnanna hvetur þau áfram eða grípur inn í þegar við á.



Markmið að:

- ✓ efla alhliða þroska barnanna.
- ✓ börnin þekki nánasta umhverfi skólans.
- ✓ börnin læri reglu- og hreyfileiki.
- ✓ örva frjálstan-/sjálfsprottinn leik.
- ✓ efla skynjun barnanna á náttúrunni; vatni og vindum, sandi og steinum, kulda og hita, o.s.frv.
- ✓ efla hreyfifærni barnanna .
- ✓ efla þol, úthald og jafnvægi.
- ✓ efla þekkingu á flóru Íslands.
- ✓ læra að hugsa um náttúruna og vernda hana.
- ✓ börnin læri að þekkja umferðarreglurnar.
- ✓ börnin njóti og nýti náttúruna allt árið um kring sem leiksvæði og efnivið til skapandi starfs og leikja.
- ✓ styrkja félagsleg tengsl barnsins.
- ✓ fara eftir fyrirmælum og stuðla þannig að sjálfstjórn og aga.
- ✓ efla gleði og kátínu hjá barninu.

Útikennsla og hreyfing á Kátakoti og Hólakoti

Einu sinni í viku fara börnin í íþróttahúsið þar sem íþróttakennari skipuleggur kennslu og á haustin og vorin fer elsti árgangurinn í sundkennslu og næst yngsti árgangurinn fer í sund að vori. Allir hópar fara í útikennslu einu sinni í viku í tengslum við hópastarf allt árið um kring. Ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem fara eftir aldri og þroska barnanna og koma inn á námsvið Aðalnámskrár leikskóla.

Útikennsla og hreyfing á Skýjaborg, Sólkoti og Mánakoti

Útivera er skipulögð allt árið um kring og er útisvæðið nýtt á fjölbreyttan og skapandi hátt. Lóðin er þannig gerð að hún reynir á færni barnanna, hún er náttúruleg og í líkingu við ósnorta náttúru. Gönguferðir eru farnar reglulega og eru þær skipulagðar af hverjum hópstjóra. Útikennsla á leikskólalóð er skipulögð frá vori og fram að sumarleyfi og er lögð áhersla á læsi, umhverfismennt, tónlist og leiki. Kennarar fara með hópana sína á útisvæðið þrisvar í viku og vinna ákveðin verkefni í upphafi útiveru og svo er frjáls leikur í kjölfarið.

Á fimmtudögum er lækurinn settur í gang og fá þá börnin tækifæri til sull leikja.

Náttúra og umhverfi

Krílakot er á grænni grein og miðar starfið að því að auka meðvitund barna, foreldra og starfsfólks um jörðina og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni. Á tveggja ára fresti eru ákveðin markmið að því að efla þekkingu á náttúrunni og umhverfinu og sjálfbærni.

Markmið að:

- ✓ Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku
- ✓ Efla samfélagskennd innan skólans
- ✓ Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan
- ✓ Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur
- ✓ Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál
- ✓ Efla alþjóðlega samkennd
- ✓ Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning

Í leikskólanum starfa umhverfisnefndir sem skipaðar eru af kennurum, börnum og foreldrum. Fundir eru haldnir reglulega yfir árið og fara þessar nefndir yfir stöðu mála og koma með tillögur að breytingum sé þess þörf. Gerður var umhverfissáttmáli og er hlutverk nefndanna m.a. að sjá til þess að unnið sé eftir þeim sáttmála í leikskólanum.

Leiðir að markmiðum:

- ✓ Við flokkum sorp; pappír, plast, mjólkurfernur, málma, gler og lífrænan úrgang
- ✓ Við endurnýtum hluti og notum efnivið úr náttúrunni í starfinu okkar
- ✓ Við ræktum matjurtir í garðinum okkar og fylgjumst með hvernig fræ verður að plöntu
- ✓ Við förum sparlega með pappír, vatn, sápu og rafmagn og minnum hvort annað á það.
- ✓ Við hugsum vel um okkar nánasta umhverfi, tínum rusl og förum oft í gönguferðir.
- ✓ Við höfum það sem við vinnum að í umhverfisverndarmálum sýnilegt fyrir börnum og foreldrum - bæði í leikskólanum og á heimasíðu og hvað þau eru að læra.
- ✓ Við vinnum verkefni með börnunum sem efla umhverfisvitund og þekkingu þeirra á nánasta umhverfi og samfélagi, sögu þess og staðháttum.

Tónlist, leikir og dans

Samkvæmt Aðalhámskrá leikskóla 2011 á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu og er tónlist, leikir og dans mikilvægur þáttur í því. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Leitast skal við að flétta tónlist inn í frjálсан leik barnsins.

Í Krílakoti er sungið daglega í samverustundum, í fataherberginu eða bara þar sem færi gefst til. Einnig eru söng-, dans- og hreyfileikir iðkaðir reglulega, bæði í skipulögðu starfi sem og í frjálsum leik. Einu sinni í viku er tónlistarstund hjá öllum deildum. Í þeim stundum er sungið og spilað á einföld hljóðfæri, dansað og farið í leiki.

Markmið að:

- ✓ barn læri að njóta tónlistar
- ✓ auka virkni og öryggi barnanna í söng, takt- og hrynnæfingum
- ✓ þjálfa virka hlustun og einbeitingu
- ✓ barn þroski með sér frumkvæði, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist
- ✓ kynna fyrir barninu fjölbreytileika tóngjafans í leik og starfi
- ✓ styrkja félagsleg tengsl barnsins
- ✓ fara eftir fyrirmælum og stuðla þannig að sjálfstjórn og aga
- ✓ efla gleði og kátínu hjá barninu
- ✓ auka orðaforða með markvissri vinnu með söngtexta
- ✓ auka getu barnanna í meðferð einfaldra hljóðfæra

Söngfundir

Einu sinni í viku hittast öll börnin ásamt starfsfólki og syngja og tralla saman. Þessi stund einkennist af fjöri þar sem sönggleðin er allsráðandi. Starfsfólk deildanna auk skólastjóra skiptast á að leiða söngfundinn. Tónlistarkennarar frá Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar heimsækja okkur reglulega og kynna fyrir börnunum hljóðfæri og taka þátt í söngfundi.

Markmið:

- ✓ skapa skemmtilega stund sem börnin hlakka til að taka þátt í
- ✓ skapa gleði, fjör og vellíðan
- ✓ sungnir söngvar, farið í hreyfileiki og ýmsar uppákomur
- ✓ allir taki virkan þátt, börn sem fullorðnir
- ✓ efla börnin í framsögn og tjáningu
- ✓ efla starfsfólk í framsögn og tjáningu, t.d. með ýmsum uppákomum
- ✓ styrkja samkennd leikskólans og blöndun allra árganga.

Hvíld

Öll börn fara í hvíld á hverjum degi, sum sofa meðan önnur hlusta á rólega tónlist eða sögur. Andlegt og líkamlegt atgervi einstaklinga byggir á góðri hvíld. Við gefum börnunum tækifæri til að hvíla líkamann eftir þörfum hvers einstaklings, læra að slaka á og finna ró. Starfsfólkið sýnir börnunum umhyggju og alúð svo þau upplifi öryggi í umhverfi sem þeim líður vel í.

Markmið:

- ✓ hvert barn fái þá hvíld sem það þarfnast.
- ✓ skapa hlýtt og notalegt andrúmsloft án allrar spennu.
- ✓ efla líkams og tilfinningaþroska barnanna.

Matmálstímar, heilsa og næring

Aðalnámskrá leikskóla segir að í leikskóla eigi börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti og hollt mataræði en góð næring er undirstaða þess að börnunum líði vel. Þó svo að staðgóðar og næringaríkar máltíðir séu mikilvægar gegnir matmálstíminn og umgjörð hans einnig öðru mikilvægu uppeldishlutverki. Áhersla skal lögð á að börnin læri að hjálpa til við undirbúning og frágang máltíða, læri reglur um hreinlæti og almenna borðsiði, læri að skammta sér sjálf viðeigandi skammta á diskana, öðlist þekkingu á hvað er hollt og hvað óhollt, fræðist um mikilvægi fæðuhringsins og læri að smakka nýjan mat. Þannig styrkist félagsþroski og samvinnuhæfni barnanna (*Aðalnámskrá leikskóla, 2011*).

Áhersla er lögð á hollan, góðan og næringaríkan heimilismat og er stuðst við viðmið Lýðheilsustöðvar í þeim efnum og viðmiða Heilsuleikskóla sem leikskólinn er nú aðili að. Börn sem alast upp við góðar matarvenjur verða frekar meðvituð um mikilvægi hollustu til frambúðar (Anna Elísabet Ólafsdóttir o.fl., 2006). Komið er til móts við sérþarfir barna og kennara eftir fremsta megni.

Markmið að:

- ✓ nota tækifæri til samræðna við börnin; málörvun
- ✓ efla sjálfstæð vinnubrögð, t.d. með því að börnin leggi sjálf á borð með aðstoð fullorðinna, eftir þroska og getu.
- ✓ börnin læri að borða sjálf og skammta sér sjálf eftir bestu getu.
- ✓ örva stærðfræðilega hugsun með því að telja og flokka.
- ✓ efla vitund barnanna um hollt matarræði.
- ✓ börnin þvo sér um munn og hendur fyrir og eftir matmálstíma.
- ✓ veita börnum holla og góða næringu.

Hreinlætisvenjur

Í Krílakoti er lögð áhersla á hreinlæti og börnin hvött til sjálfshjálpar. Starfsfólkið tekur mið af hverju barni fyrir sig og rík áhersla er lögð á að nærgætni og hlýja sé höfð í fyrirrúmi. Nálægð við barnið er oftast mikil og gefst því gott tækifæri til umræðna um líkamann og mikilvægi hreinlætis.

Markmið að:

- ✓ börnin þvoi sér um hendur eftir klósett ferðir og fyrir matmálstíma.
- ✓ börnunum sé þvegið um andlit eftir matmálstíma eða að þau þvoi sér sjálf, allt eftir aldri og þroska.
- ✓ örva málþroska, með því að nota klósett ferðir til umræðna og söngs.
- ✓ efla tilfinningaþroska; sýna nærgætni og hlýju þegar farið er á salerni.
- ✓ hvetja börn til að nota kopp/klósett um leið og tekið er tillit til þarfa hvers og eins.

Samverustundir

Í samverustundum hittast ýmist öll börn á deildinni eða smærri hópar. Í samveru er sungið, lesið, rímað, spjallað, velt vöngum o.s.frv. Í morgunsamveru er farið yfir daginn; hvern vantar, hver er veikur, hvernig er veðrið, hvaða dagur er í dag, mánuður o.s.frv og svo fara allir í hópastarf.

Markmið að:

- ✓ skapa notalega stund sem einkennist af ró og samkennd.
- ✓ örva og efla málþroska lesa/segja sögur sem henta aldri og þroska barnanna.
- ✓ hafa markvisst lagaval, þulur og vísur.
- ✓ skapa öryggi og festu, t.d. með því að öll börn eigi sinn ákveðna stað sem veitir þeim öryggi.
- ✓ efla sjálfsmynd og sjálfsöryggi, t.d. með tjáningu og framsögn.
- ✓ nota fjölbreyttar leiðir til leikja, söngs og gleði.
- ✓ auka tilfinningu barnanna fyrir tímanum, þ.e. dögum, mánuðum og árum.
- ✓ þjálfa einbeitingu og athygli.

Að koma og fara

Starfsfólk leggur áherslu á bjóða alla foreldra og börn þeirra velkomin svo þau finni fyrir öryggi. Þarfir barna og foreldra þeirra geta verið mismunandi þegar þau koma í skólann, rétt eins og þegar þau fara í lok dags og ber starfsfólki að taka tillit til þeirra eins og unnt er. Boðið er upp á sveiganlegan vistunartíma og eru börn að fara heimleiðis allt frá hádegi fram til 16:15.

Markmið að:

- ✓ taka á móti og kveðja hvert barn út frá forsendum þess og þörfum
- ✓ hafa jákvæðni og gleði að leiðarljósi í samskiptum
- ✓ hlúa vel að daglegum samskiptum við foreldra; segja frá því sem gerðist yfir daginn, stóru sem smáu.
- ✓ skrá daglega upplýsingar í fataherbergi.

Þá er einnig mikilvægt að þegar komið er með barnið í leikskólann að því sé skilað í hendur kennara, og að þeir séu ávallt látnir vita þegar barnið er sótt eða þegar aðrir en foreldrar sækja það.



Grunnbættir menntunnar

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá leikskóla 2011 er reist á sex grunnþáttum menntunnar. Grunnþættirnir eru:

- ✓ Læsi
- ✓ Sjálfbærni
- ✓ Heilbrigði og velferð
- ✓ Lýðræði og mannréttindi
- ✓ Jafnrétti
- ✓ sköpun

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í stafsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu. Grunnþættir menntunnar eru settir fram sem sex þættir en þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum (Aðalnámskrá leikskóla 2011,14-15).

Við skipulag skólastarfs skal lögð áhersla á menntun barna og ungmenna og hæfni þeirra að námi loknu. Kennsluaðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki beinast fyrst og síðast að því að styðja nemendur í námi sínu. Námsmarkmið snúa að þeirri hæfni sem nemandinn öðlast í námsferlinu og býr yfir að námi loknu. Til að öðlast fjölbreytilega hæfni á nemendum að gefast tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefnis sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi barna og ungmenna og daglegu lífi (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 23).

Í Krílakoti er lögð áhersla á örvandi námsumhverfi þar sem börn fá tækifæri til að samþætta þekkingu sína og leikni, samtímis sem þau þjálfast í samskiptum sem byggja á virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti.

Námsvið leikskóla eiga að vera samþætt daglega starfinu og vera hluti af leik barna. Þau eiga að stuðla að sterkri sjálfsmynd og hvetja börn til að læra og auka þekkingu sína. Lögð er áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði, samvinnu og umburðarlyndi (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Læsi og samskipti

Hæfni í félagslegum samskiptum er veigamikill þáttur í daglegu lífi hvers einstaklings. Í öllu námi og starfi, hjá börnum sem fullorðnum, reynir mikið á félagsleg samskipti. Því er afar mikilvægt að efla og örva félagshæfni og borgaravitund barna frá unga aldri; vitund um eigin ábyrgð og lýðræði, gagnrýna hugsun og virðingu. Tjáning og samskipti eru mikilvægustu „verkfæri“ barnsins til boðskipta og gera því kleift að vera í tengslum við það umhverfi sem það býr við. Lögð er áhersla á að veita börnum tækifæri til að tjá sig á margvíslegan máta; með tónlist, dans, leikrænni tjáningu, myndmáli sem og tungumáli. Sameiginlegt tungumál er veigamikill þáttur í menningu hvernar þjóðar, tengir fólk böndum og eflir samkennd.

Markmið:

- ✓ efla málproska og hugtakaskilning
- ✓ börnin þjálfist í að setja orð yfir hugmyndir sínar og tilfinningar
- ✓ nýta málið í samskiptum okkar hvert við annað
- ✓ nýta opnar spurningar sem gefa tækifæri á að koma með vangaveltur og svör sem krefjast frjórrar hugsunar
- ✓ börnin þjálfist í hlustun
- ✓ börnin þjálfist í tjáningu á fjölbreyttan máta
- ✓ efla sjálfsmynd barnanna
- ✓ efla skynjun barnanna með fjölbreyttum aðferðum
- ✓ efla jákvætt viðhorf
- ✓ efla virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- ✓ efla áhuga barna á bókum og sögum
- ✓ efla hljóðkerfisvitund



Leiðir:

- ✓ unnið markvisst með leikskólalæsi
- ✓ góður tími ætlaður til samræðna
- ✓ leikir og spil með orð og hugtök
- ✓ áhersla lögð á söng, rithma og dans
- ✓ unnið með myndlist, leikræna tjáningu og sköpun
- ✓ unnið með vísur og þulur
- ✓ unnið með bækur og bókaletur
- ✓ heimsóknir á bókasafn
- ✓ skipulögð málproskaörvun út frá þörfum hvers barns

- ✓ söguskjóður notaðar til málörvunar og verkefnavinnu.
- ✓ unnið með samheiti og andheiti.
- ✓ samsett orð, sundurgreining orða og klappa samstöfur.
- ✓ sögugerð, börnin segja reynslusögur og þær skráðar niður af kennara.

Heilbrigði og vellíðan

Kennarar Krílakots hafa virðingu, umhyggju og gleði að leiðarljósi í samskiptum við börnin sem og sín á milli. Með jákvæðu viðhorfi hafa kennarar skólans uppbyggjandi áhrif á nám og þroska einstaklingsins og brýnt er að efla forvitni barnanna og trú þeirra á eigin getu. Til að efla sjálfsmynd barnanna, gleði og líkamlega- og andlega vellíðan er mikilvægt að þau fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst og óhindrað í bland við skipulagða hreyfingu. Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan heimilismat sem er liður í að stuðla að heilbrigðum lífsstíl barnanna og stuðla að vellíðan. Krílakot er nú á heilsubraut á vegum samtaka um Heilsuleikskóla og er áætlað að fá vottun um að vera heilsuleikskólar haustið 2018. Markmið með heilsustefnunni er að stuðla að heilsuefingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Öll börn ættu að alast upp við það að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi. Í heilsuleikskóla er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmiðið er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áherslupættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra. Frekari upplýsingar eru að finna á heimasíðu heilsuleikskóla.

(<http://heilsustefnan.is/um/heilsustefnan/>).

Markmið að:

- ✓ stuðla að umhyggju gleði og ánægju
- ✓ stuðla að persónulegri umhirðu
- ✓ efla alhliða hreyfiproska barnanna
- ✓ stuðla að hollustu
- ✓ fjölbreytt hreyfing
- ✓ stuðla að ögrandi og krefjandi útivist
- ✓ slökun og hvíld
- ✓ stuðla að tilfinningalegu jafnvægi
- ✓ stuðla að jákvæðum samskiptum
- ✓ stuðla að félagslegum tengslum

Leiðir:

- ✓ sýna hverju barni virðingu og umhyggju og kenna þeim jákvæð samskipti
- ✓ bjóða upp á hollan og næringaríka fæðu
- ✓ bjóða upp á hreyfistundir og útiveru
- ✓ nýta leikskólalóðina og nærumhverfi til hreyfingar
- ✓ að gefa öllum tækifæri til slökunar og hvíldar í róandi umhverfi
- ✓ læra um líkamann
- ✓ gefa börnunum kost á verkefnum sem örva fínhreyfingar jafnt sem grófhreyfingar
- ✓ hvetja börnin til samskipta við börn og fullorðna og mynda félagsleg tengsl við ólíka einstaklinga

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lögð er áhersla á lýðræðislegt leikskólastarf sem byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin eiga að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Lögð er áhersla á að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs.

Markmið að:

- ✓ stuðla að jafnrétti
- ✓ allir fái tækifæri til virkrar þátttöku
- ✓ efla virka hlustun
- ✓ allir finni að þeir eru hluti að hópnum
- ✓ virða skoðanir annarra og sjónarmið
- ✓ efla skilning á því hvað lýðræði felur í sér
- ✓ efla umhyggju, tillitsemi og samhjálp
- ✓ veita börnum stuðning í daglegum samskiptum
- ✓ allir fái tækifæri til að hafa áhrif
- ✓ fjalla um fjölmenningu og fjölbreytileika fólks
- ✓ finna til ábyrgðar á sjálfum sér og gjörðum sínum

Leiðir:

- ✓ gefa öllum tækifæri til virkrar þátttöku
- ✓ hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum
- ✓ vinna saman og aðstoða hver annan
- ✓ hafa val um verkefni og vinnubrögð
- ✓ skipuleggja heimspekilegar umræður
- ✓ bjóða uppá fjölbreytt viðfangsefni og vinna að jöfnum tækifærum kynjanna
- ✓ Samræður og verkefni sem útskýra fjölmenningu og efla skilning á fjölbreytileika
- ✓ fjalla um mikilvægi sjálfsábyrgð
- ✓ Efla hlutdeild foreldra með söguskjóðuverkefni

Sjálfbærni og vísindi

Það er mikilvægt fyrir börn að kynnast og upplifa náttúruna af eigin raun og læra að umgangast hana af ábyrgð, virðingu og skynsemi.

Í umhverfi leikskólans er margt sem gaman er að skoða; stutt er í móa, á, trjálund, Lágina, Kirkjubrekkuna og svo má líka alltaf fara í fjöruna. Starfsfólkið nýtir þetta fjölbreytta umhverfi til að vinna með mismunandi náms- og þroskapætti og gefa börnunum tækifæri til að skoða, rannsaka, gera tilraunir og velta vöngum yfir hinum ýmsu fyrirbærum.

Markmið að:

- ✓ börnin læri að umgangast náttúruna og nánasta umhverfi af virðingu og ábyrgð.
- ✓ börn kynnist og skynji fjölbreytileika náttúrunnar.
- ✓ börn læri að endurnýta hluti úr náttúrunni og vinna með þá.
- ✓ börn kynnist nánasta umhverfi skólans.
- ✓ börn þekki tákni og mynstur í umhverfinu.
- ✓ börn kynnist stærðfræðilegum hugtökum.
- ✓ endurvinnsla sé hluti af daglegu lífi í skólanum.
- ✓ börnin kynnist fjölbreyttum aðstæðum í síbreytilegri náttúrunni.

Leiðir:

- ✓ fara í gönguferðir og vettvangsferðir til að upplifa og skoða nánasta umhverfi skólans
- ✓ umræður
- ✓ flokka og endurvinna efnivið
- ✓ nota endurnýtanlegan efnivið í leik og myndsköpun
- ✓ vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir
- ✓ vinna með snjó, vatn, sand, steina, skeljar og annað sem finnst í náttúrunni
- ✓ frjáls leikur úti



Sköpun og menning

Að efla frumkvæði, sjálfstæði og skapandi hugsun er mikilvægt þegar leggja skal grunn að sjálfstæðum, virkum og ábyrgum einstaklingum sem virkan þátt geta tekið í lýðræðisþjóðfélagi.

Við leggjum áherslu á að sköpun snýst fyrst og fremst um ferlið sjálft, þ.e. könnunina, tjáninguna, gleðina og sköpunina sjálfa. Í sköpunarferlinu fær barnið tækifæri til að virkja sköpunarkraftinn, örva skynfærin, upplifa gleði og þjálfja sjálfstæð vinnubrögð.

Lögð er áhersla á myndsköpun, börnin fást við fjölbreytt verkefni bæði frjáls og skipulögð. Börnin fá tækifæri til að leyfa hugmyndafluginu að ráða ríkjum og hvetja þau til að nota allskonar efnivið. Í hópastarfi fara börnin með kennara sínum í listsköpun og fást þar við fyrirfram ákveðin verkefni oft tengd því þema sem er verið að vinna með í öðrum þáttum leikskólastarfsins. Í frjálsum leik er hægt að velja í Listalaut og þá er það barnið sem velur viðfangsefni og efnivið.

Markmið að:

- ✓ efla frumkvæði og skapandi hugsun.
- ✓ efla málþroska og hvetja barn til tjáningar.
- ✓ efla sjálfstæð vinnubrögð.
- ✓ efla og örva skynjun.
- ✓ efla sjálfsmynd og öryggi.
- ✓ efla jákvætt viðhorf.
- ✓ örva fegurðarskyn barna í smáu sem stóru.
- ✓ efla skapandi hugsun.
- ✓ kynnast fjölbreyttum aðferðum listsköpunar.
- ✓ öðlast grunnfærni í listsköpun, m.t.t. aldurs og þroska.
- ✓ efla fín og grófhreyfifroska barns.



Leiðir:

- ✓ hafa sköpun að leiðarljósi í orði sem verki
- ✓ veita börnum margvísleg tækifæri til sköpunar í hinum ýmsu tjáningarformum; söng, tjáningu, leik- og myndlist
- ✓ búa börnum aðstæður og efnivið sem örvar frjálsa og skapandi hugsun og tjáningu
- ✓ nota opnar spurningar
- ✓ vinna með íslenskan menningararf
- ✓ læra söngva, tungumál, vísur og sögur
- ✓ upplýsa börn um ólíka menningarhópa með frásögnum og lestri bóka.
- ✓ nýta það sem samfélagið hefur upp á að bjóða; söfn, sýningar og náttúruna.

Skóli margbreytileikans

Skóli án aðgreiningar byggir á viðurkenningu og þátttöku allra nemenda. Námskráin er merkingarbær fyrir alla nemendur og námsumhverfið einkennist af margbreytileika. Allir nemendur njóta virðingar og ná besta mögulega árangri. Skólastarf án aðgreiningar er ferli í sífelldri þróun, allt skólastarfið er heildstætt og samþætt og stuðningur er veittur eftir þörfum hvers og eins

Sértækar þarfir barna

Sérkennsla er þjónusta sem leikskólinn veitir börnum vegna hverskyns sérþarfa er þau kunna að hafa. Þessar sérþarfir geta verið vegna fötlunar, þroska-, hegðunar- eða tilfinningalegra frávika auk sérstakra aðstæðna barnsins. Þjónustan miðast við að gera börnunum unnt að njóta sín í hópi annarra barna á eigin forsendum og styrkja þau á sem fjölbreyttastan hátt (Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna [2010]).

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur sem þarfnast sérstakrar kennslu. Í einstaklingsnámskrá eru sett markmið sem vinna á með á vissu tímabili, staða þeirra er svo metin reglulega og einstaklingsáætlunin uppfærð eftir því. (Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna [2010]).

Tvítýngi

Fylgst er vel með málþroska tvítýngdra barna og þeim séð fyrir málörvun, sé þess þörf. Lögð er áhersla á að foreldrar sinni málörvun barna sinna á þeirra móðurmáli. Það eflir málþroska og hjálpar þeim við að tileinka sér nýtt tungumál. Íslenskuna læra þau fyrst og fremst af raunverulegum aðstæðum og fer nám þeirra fram í öllu almennu starfi leikskólans jafnt í samskiptum við önnur börn og kennara. Ef möguleiki er fyrir hendi eru sögustundir og málörvun á tungumálil barnanna í boði s.s. ef kennari við skólann talar tungumál barnanna eða foreldrar koma í heimsókn, lesa fyrir börnin og/eða syngja.

Fjölmenningsstefnu skóla Dalvíkurbyggðar er framfylgt, lögð er áhersla á túlkabjónustu, málörvun, vandað upplýsingaflæði og mæta þörfum einstaklingsins. Í starfi leikskólans, jafnt meðal barna og starfsfólks er lögð áhersla á að ýta undir vísýni, jafnrétti, mannréttindi og skilning á fjölbreyttri menningu. Við símenntun starfsfólks er unnið reglulega með þessa þætti.

Nemendavernd:

Reglulega eru haldnir fundir í Nemendaverndarráði Krílakots. Í ráðinu sitja auk leikskólastjóra, fulltrúi heilsugæslu og sérfræðingar frá félagssviði og fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar.

Þegar leikskólakennarar/deildarstjórar telja að þörf sé að skoða mál nemanda betur, með andlegan sem líkamlegan þroska hans í huga, er leyfi frá foreldrum fengið til að ræða mál hans í ráðinu. Það er gert með því markmiði að veita starfsfólki ráðgjöf til að mæta þörfum einstaklingsins betur, meta hvort frekari upplýsingar, ráðgjöf eða sérfræðipjónusta er talin nauðsynleg.

Annað:

Leikskólastjóri ber ábyrgð á að sértækum þörfum barna sé mætt. Hann vinnur í nánú samstarfi við deildarstjóra og fer reglulega með þeim yfir mál einstakra barna og er þá metið hvort þörf sé á snemmtækri íhlutun. Ráðgjafar á félagssviði og fræðslu og menningarsviði Dalvíkurbyggðar eru leikskólanum til aðstoðar í sértækum þörfum barna.

Nánar má lesa um sértækar þarfir barna í: *Stefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna.*



Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna en leikskólanum ber að veita foreldrum stuðning við uppeldi barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldrar þekkja barn sitt best, þeir hafa þekkt það frá fæðingu og fylgst með þroskaferli þess og líðan. Leikskólakennari kynnist barni í leikskólastarfi og þekkir þroska þess, færni og viðbrögð í barnahópi. Í leikskóla er mikilvægt að gott samstarf sé milli heimilis og skóla og þar ríki gagnkvæmt traust og virðing. Dagleg samskipti eru mikilvæg þar sem fram koma upplýsingar um líðan barna og hegðun heima og í leikskólanum, breytingar á högum barnsins og fjölskyldulífi.

Leikskólastjóra ber skylda til að stuðla að samstarfi heimila og leikskóla, samkvæmt lögum um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Á haustin er árlegur foreldrafundur þar sem farið er yfir vetrarstarfið og dagskipulag leikskólans er rætt.

Markmið að:

- ✓ veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- ✓ veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum
- ✓ afla upplýsinga um aðstæður og uppeldiviðhorf foreldra
- ✓ stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans
- ✓ rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- ✓ skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna.

Foreldrafélag

Við Krílakoti er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð í september ár hvert á aðalfundi félagsins og skipa 5 foreldrar stjórnina. Þegar barn byrjar í leikskóla ganga foreldrar sjálfkrafa inn í foreldrafélagið og greiða í það ákveðið gjald. Foreldrafélagið ásamt starfsfólki skólanna kemur að ýmsum viðburðum í skólunum; afmæli leikskólanna, sveitaferð, vorhátíð, Degi leikskólans og útskrift elstu barnanna úr leikskólanum. Félagið sér um litlu jólin í samráði við kennara, gefur börnunum gjafir og talar við jólasveinana. Þá hafa þau einstaka sinnum boðið börnunum upp á leiksýningar og/eða gefið leikskólunum afmælisgjafir.

Foreldraráð

Í Krílakoti er starfandi foreldraráð. Í foreldraráði sitja 4-5 foreldrar sem hafa það hlutverk að gefa umsagnir til leikskólans og fræðsluráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir og fylgjast með framkvæmd þeirra. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Kosið er í foreldraráð í september ár hvert. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Kosið er í foreldraráð í september á hvernju hausti.

Þátttökuaðlögun

Sú leið sem farin er við aðlögun nýrra barna í Krílakoti er svo kölluð þátttökuaðlögun. Í þátttökuaðlögun eru foreldrar þátttakendur í starfinu þá daga sem aðlögunin fer fram. Þeir sinna sínu barni, gefa því að borða, skipta á því, leika við það o.s.frv. Aðferðin byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum til barna sinna (Kristín Dýrfjörð 2009). Þar sem foreldrar eru fullir þátttakendur öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem fram fer. Þeir kynnast starfsfólkinu, hinum börnunum og því sem á sér stað í leikskólanum. Öryggir foreldrar eru ánægðir foreldrar og eins og áður segir smita þeir ánægju sína og öryggi yfir til barna sinna. Foreldrar eru með barninu í 3 daga. Á fyrsta degi eru þeir frá u.þ.b. 9-11, á öðrum og þriðja degi frá 8-15 eða skemur sé vistunartími styttri. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og eru sinn vistunartíma. Hafi foreldrar tækifæri til er sjálfsagt að sækja börnin í fyrra falli fyrstu dagana. Ef barn á erfitt með aðlögun er stundum leitast við að foreldrar dvelji lengur með barni sínu.

Foreldrasamtöl

Áður en barn byrjar í leikskólanum er haldinn foreldrafundur þar sem farið er yfir helstu þætti sem mikilvægt er að vita við upphaf skólagöngu. Foreldrar fylla út upplýsingablað sem skólinn nýtir til að undirbúa komu barnsins. Í þátttökuaðlöguninni nýta kennarar og foreldrar tímann til að skiptast á upplýsingum um barnið og mynda tengsl. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Að hausti geta foreldrar óskað eftir samtali við kennara og er þá lögð áhersla á að veita upplýsingar um almenna líðan barnsins og gengi í leikskólanum. Að vori eru kennarar búnir að athuga þroska, líðan og hegðun barnsins og upplýsa foreldra um stöðu þess. Mikilvægt er að samtölin séu vel undirbúin af beggja hálfu. Önnur samtöl eru boðuð

eftir þörfum og geta foreldrar ávallt óskað eftir samtali hvort sem er við leikskólakennara, deildarstjóra eða leikskólastjóra.

Annað

Eins og áður segir er mjög mikilvægt að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskólans og að gagnkvæmt traust ríki. Foreldrar leikskólabarnanna eru ávallt velkomnir í leikskólann til að taka þátt og fylgjast með því starfi sem þar fer fram. Reglulega eru síðan ýmsar uppákomur sem foreldrum er sérstaklega boðið til og oft á tíðum koma ömmur og afar og systkini einnig. Allt er þetta liður í að skapa gott samstarf og traust ekki síður en að styðja við nám og leik barnanna. Vegna plássleysis þurfum við stundum að skipta viðburðum niður á deildarnar svo foreldrar og aðrir gestir komist fyrir. Stundum verðum við að óska eftir að foreldrar komi ekki á viðburði sökum plássleysis, sérstaklega þegar eru leiksýningar eða aðrar uppákomur eru á dagskrá og öll börnin þurfa að komast fyrir í einu rými. Við vonum að foreldrar sýni því skilning og viti að okkar markmið er að eiga í góðu samstarfi við alla sem að skólanum koma.

Þróunarstarf og samstarfsverkefni


Þróunarstarf í leikskólum er afar mikilvægt til að skólastarfið og menningin dafni og þroskist. Markmið þróunarstarfs er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfi. Þróunarverkefni felur í sér afmarkað og tímabundið viðfangsefni með vel skilgreindum markmiðum. Þegar hugað er að þróunarstarfi er nauðsynlegt að setja niður fyrir sér þann starfsgrundvöll sem aðhyllst er. Þátttaka í þróunarstarfi ögrar starfsfólki og hvetur það áfram. Tilgangur með þróunarverkefnum er að efla lýðræðisleg vinnubrögð í skólum og stuðla að fræðslu og umræðu meðal starfsfólks.

Þróunarverkefni í vinnslu:

Lap 2015-

Eitt af verkefnum leikskólans er þróunarverkefnið LAP (Linguistically, Appropriate, Practice) en við fengum styrk frá sprotasjóði í verkefnið sem er mikill styrkur. Við höfum undanfarin ár unnið að því að skapa fjölmenningarlega skólastefnu hjá Dalvíkurbyggð og er LAP góð viðbót við það. Árið 2016 fengum við svo annan styrk frá Þróunarsjóði innflytjenda sem er okkur heiður, að verkefnið sé það áhugavert að við fáum styrki tvö ári í röð til að fylgja því eftir.

Börnin og starfsfólk í Krílakoti tala 10 tungumál og fjölmennig mikil. Skólinn okkar er opinn fyrir öll tungumál. Við vitum um mikilvægi tungumálsins og styðjum við tvítýngi. Við leggjum áherslu á að styðja öll börn í að læra íslensku en með LAP ætlum við einnig að leggja meiri áherslu á stuðning við tungumál barnanna þ.e. móðurmál/heimatungumál. Við ætlum að styðja við foreldra í að efla móðurmál/heimatungumál barnanna. Tungumál barnanna verða sýnileg og blandast inn í verkefnavinnu að einhverju leyti í samvinnu við foreldra. Við munum einnig ræða um mismunandi tungumál, skrift, söngva, hefðir og siði.



Heilsustefna 2015-

Haustið 2014 ákváðu stjórnendur, kennarar og foreldrar að ganga alla leið í að hafa heilsuefningu að leiðarljósi í leikskólastarfinu og sóttu um að komast á heilsubraut hjá samtökum um heilsuleikskóla. Í janúar 2015 var umsóknin samþykkt og haustið 2015 fer vinna af stað í að innleiða heilsustefnuna. Við höfum unnið markvisst að því að efla hreyfingu og hollustu en síðasta markmiðið okkar, að byrja að fylla út í heilsufarsbókina mun hefjast á skólaárinu 2016-2017 með von um að útskrifast sem heilsuleikskóli árið 2018.

Nánari upplýsingar eru að finna inni á heimasíðu heilsuleikskólanna.
<http://heilsustefnan.is/heilsuleikskolar/heilsuleikskolar-a-islandi/>



Uppeldi til ábyrgðar 2010 - ?

Haustið 2010 tók starfsfólk Krílakots sín fyrstu skref í átt að hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar—uppbygging sjálfsaga í samstarfi við aðra skóla sveitarfélagsins. Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglunga og þjálfa þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum (Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson 2007). Aðferðin er kennd við Diane Gossen frá Kanada, en hún hefur þróað aðferðina og kennt hana víða um heim. Aðferðin þjálfar börn í að vera það sem þau vilja vera, í stað þess að geðjast öðrum. Þau læra sjálfstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum sínum í samskiptum. Í uppeldi til ábyrgðar skipar þarfahringur William Glasser veigamikinn þátt. Hann skiptist í: 1) Ást og umhyggju, 2) áhrifavald og stjórn, 3) frelsi og sjálfstæði, 4) gleði og ánægju og 5) öryggi og lífsafkomu. Talið er að áður taldar þarfir blundi í hverjum einstaklingi, missterkar þó.

Innleiðingarferli uppbyggingarstefnunnar var í upphafi í samráði og samvinnu við aðra skóla í sveitarfélaginu. Meðal annars sótti starfsfólk námskeið en einnig voru lesnar greinar og bækur um efnið, skipst á skoðunum á fundum og komið með spurningar og vangaveltur. Búinn var til sáttmáli milli starfsfólks og þarfirnar og virðing fyrir ólíkum einstaklingum var í hávegum höfð.

Skólaárið 2014-2015 er markmið að samræma vinnulag leikskólanna. Fundir verða nýttir til að samræma viðurlög og viðbrögð við brotum. Áætlað er að innleiðing ljúki vorið 2016.



Þróunarverkefni sem hafa verið unnin í Krílakoti og/eða Kátakoti:

Söguskjóður 2013-2014

Í janúar 2013 fóru Krílakot og Kátakot í samstarfi við fræðsluvið af stað með foreldraverkefni sem heitir Söguskjóður og voru útbúnar þrjár skjóður. Vegna þess hve vel gekk var ákveðið að hafa framhald á verkefninu skólaárið 2013-2014 og þá mun Grunnskóli Dalvíkur bætast í hópinn. Helga Björt, kennsluráðgjafi, stýrir verkefninu og hefur kynnt það út á við. Verkefnið hefur vakið athygli og þá sérstaklega er varðar þátttöku foreldra í verkefninu og svo útkomuna sem er frábært námsefni.

Verkefnið gengur út á að búa til fjölbreytt efni í stórum taupokum, tengt barnabókum á íslensku en efnið verður síðan notað í vinnu með börnunum til að glæða bókáhuga þeirra og efla málproska. Foreldrum og börnum bjóðast að fá söguskjóðurnar lánaðar heim en kennarar munu líka nota pokana í starfi leikskólans. Ástæða þess að foreldrar eru fengnir með í vinnuna er að þannig má búa til meira af skemmtilegu efni sem nýtist í starfi leikskólans, foreldrar læra á efnið og geta síðan notað með börnum sínum. Foreldrar kynnast hver öðrum og þeir sem ekki tala mikla íslensku fá tækifæri til að læra hana enn frekar í gegnum verkefnið.

Foreldrar þurfa ekki að búa yfir neinni sérstakri kunnáttu til að geta tekið þátt og allir foreldrar eru velkomnir í verkefnið, allar hendur eru vel þegnar.

Boðið er upp á fría barnapössun fyrir þá foreldra sem taka þátt í vinnunni en starfsmaður leikskóla sér um börnin á öðru svæði leikskólans meðan á vinnunni stendur.



Skólar á grænni grein til frambúðar

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrunni. Að gera þau meðvituð um hvernig þau skili jörðinni áfram til komandi kynslóða (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Haustið 2009 fóru leikskólarnir á græna grein sem er alþjóðlegt verkefni sem styrkir umhverfisstefnu skóla og eykur umhverfismennt. Skólarnir fengu Grænfánann afhentan í fyrsta skiptið í maí 2012 og aftur 2014. Vinna að umhverfismennt með það að markmiði að fá Grænfána á tveggja ára fresti er nú orðið fastur liður í skólastarfinu, þar sem sett eru ný markmið annað hvert ár til að efla umhverfisvitund barnanna, foreldra og starfsfólks.

Leikskólalæsi 2009-2012

Haustið 2009 hófu leikskólarnir Krílakot og Kátakot þátttöku í þróunarstarfi um læsi. Í leikskólunum köllum við verkefnið Leikskólalæsi. Læsi er mjög vítt hugtak, mun víðara en það að lesa og er það skilgreint sem einn af grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá leikskóla 2011). Við lesum umhverfið, myndir, orð sem við sjáum o.s.frv. Það er mjög mikilvægt að lesa fyrir börn, allt frá fæðingu: setja orð á myndir og athafnir og með því byggist orðaforði barnanna smátt og smátt.

Markmiðið með verkefninu er að efla málþroska barnanna og tungumálavitund þeirra. Ekki er verið að kenna börnunum að lesa eftir hefðbundnum leiðum, en þess í stað er verið að leggja góðan grunn fyrir komandi lestrarnám. Unnið er á mismunandi hátt allt eftir aldri og þroska barnanna. Með yngstu börnunum er áhersla lögð á orð, bækur og myndir. Eftir því sem börnin verða eldri er síðan meiri áhersla lögð á stafi, hljóð þeirra, lestur orða o.s.frv.

Stöðug þróun Leikskólalæsis stóð til vors 2012 en þá má segja að formlegri innleiðingu hafi lokið og Leikskólalæsi orðið fastur liður í starfi Krílakots og Kátakots og samþætt öllu starfi leikskólans.

Tónar eiga töframál 2009-2012

Haustið 2009 hófst samstarfsverkefni milli leikskóla Dalvíkurbyggðar og Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar. Verkefnið fólst í því að Þuríður Sigurðardóttir (Pura) leikskólakennari fór á milli leikskólanna og var með tónlistarstundir einu sinni í viku fyrir þrjá elstu leikskólaárgangana, en þessi kennsla var hluti af forskólakennslu Tónlistarskóla Dalvíkurbyggðar.

Markmið verkefnisins var að auka hljóðskynjun barnanna með söng, takt- og hrynfingum ásamt virkri hlustun. Þetta var gert í þeim tilgangi að þjálfa hljóðfræðilega meðvitund barnanna og styrkja þar með undirstöðu lestrarnáms og áframhaldandi þátttöku þeirra í tónlistarnámi. Einnig var markmiðið að efla kennara og auka þekkingu og færni þeirra í tónlistarstarfi innan leikskólanna. Auk þess að auka samstarf leik- og tónlistarskóla og hafa með því jákvæð samfélags- og menningarleg áhrif á byggðarlagið. Verkefnið gekk vel og vorið 2012 lauk því formlega með skýrslugerð.

Í dag eru kennarar Krílakots og Kátakots meðvitaðir um mikilvægi þess að halda tónlistinni á lofti, hafa ákveðna grunnþekkingu á tónlistarstarfi í leikskóla og eru öruggir í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Tónlistin hefur verið ofarlega til margra ára þegar litið er til starfsins í Krílakoti og Kátakoti og markmið að það lifi um ókomna tíð. Tónlistinni er mikið fléttað saman við læsið sem hentar einka vel í starfi með yngstu börnunum leikskóla. Myndir eru notaðar til að efla hugtakaskilning og hentar það vel í kennslu ungra barna ekki síst þeirra sem eru af erlendum uppruna og eru að stíga sín fyrstu skref í íslenskunámi.



Stærðfræði 2006-2012

Krílakot og Kátakot tóku þátt í þróunarvinnu sem hét Stærðfræðin: leikur og lítil börn ásamt fleiri leikskólum. Eitt aðalmarkmiðið með verkefninu var að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla á sviði stærðfræðinnar, auk þess sem markmiðið var að efla undirstöður og jákvæðni í garð stærðfræði en stærðfræðin er sú námsgrein sem oft gefur börnum neikvæða sýn á nám og eigin getu. Verkefnið skilaði góðum árangri, gaf kennurum góða sýn á verkefni sem má vinna með börnum á leikskólaaldri og byggja góðan grunn fyrir stærðfræðinám framtíðarinnar.

Haustið 2010 var farið af stað með annað þróunarverkefni, Töfraheimur stærðfræðinnar sem var tveggja ára verkefni og náði til grunnskólanna og tveggja elstu árganga leikskólanna. Það var styrkt af Sprotasjóði og hófst haustið 2010 í grunnskólanum og í upphafi árs 2011 í Kátakoti. Verkefnisstjóri og aðalleiðbeinandi var Dórópea Reimarsdóttir, meistaranemi í sérkennslufræðum með áherslu á stærðfræðinám.

Yfirmarkmið verkefnisins Töfraheimur stærðfræðinnar var að bæta árangur nemenda í Dalvíkurbyggð í stærðfræði. Áhersla var lögð á að auka þekkingu kennara og foreldra á námi og kennslu í greininni. Í leikskólanum var lögð áhersla á að halda lifandi því sem þróunarverkefnið frá 2006-2008 skilaði og tengja stærðfræðina inn í daglegt starf í leikskólanum.

Stærðfræðin er samofin öllu okkar daglega lífi og stærðfræðilæsi er ein tegund læsis sem er mikilvæg til þess að geta verið virkur þjóðfélagsþegn og skilja nánasta umhverfi sitt. Verkefnið skilaði því að kennarar eru meðvitaðir um þátt stærðfræðinnar í námi leikskólabarna. Lögð er áhersla á að börnin læri ýmis hugtök, að telja, að hver tala segir til um ákveðinn fjölda, að bæta við, að taka af, að skipta á milli, að þekkja hin ýmsu form og fyrstu tölustafina.

Starfsfólkið þau tækifæri sem gefast í daglegu lífi barnsins til stærðfræðilegra umræðna um hvað þarf marga diska, glös eða hnífapör þegar barnið hjálpar til við að leggja á borð. Oft leynist líka stærðfræði í texta sem verið er að lesa fyrir barnið. Stærðfræði í gegnum leikinn t.d. í kubbaleik er góð leið til að vekja áhuga barnsins og auk þess eru teningaspil (t.d. slönguspilið) og ýmis spil sem spiluð eru á 52 spil kjörin til að eiga ánægjulega samveru með börnunum heima og styðja við þroska þeirra í leiðinni.

Markmið að:

- efla rökhugsun barna
- efla talnaskilning og formskynjun
- börnin þekki tölustafi og talnagildi
- efla hugtakaskilning og rúmskynjun
- efla og þjálfá tímaskyn
- börnin þekki almenn stærðfræði hugtök
- efla sjálfstraust þeirra og sjálfstæði
- efla félagsfærni
- kenna þeim að vinna saman í hóp

Einingakubbar henta einkar vel til allrar stærðfræðikennslu. Í gegnum leikinn fá börn tækifæri til að prufa og þróa sig áfram með kubbana. Hugmyndafræðin gerir ráð fyrir markvissum frágang eftir leik með kubbana. Þar er um að ræða flokkun og talningu eftir stærð og lögun.

Numicon kubbar falla vel að hugmyndafræði leikskólans um að börnin læri í gegnum leikinn, þar sem Numicon var hannað með það í huga að nýta þrjá af meginstyrkleikum barna sem eru lærdómur í leik, eftirtekt og sterk tilfinning fyrir mynstrum. Numicon er notað á svipaðan hátt og einingarkubbarnir, þ.e að uppgötva og læra án mikillar stýringar. Þetta eru litrík námsgögn sem vinna má með á margvíslegan máta.



Comenius 2009-2011

Árið 2009 fékk Krílakot styrk frá menntaáætlun ESB til þátttöku í skólasamstarfsverkefni. Haustið 2009 var síðan farið af stað ásamt skólum í Póllandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Tyrklandi og Englandi í verkefni sem ber heitið *With different traditions - together on a holiday*, eða *Mismunandi hefðir—saman í fríi*.

Í verkefninu var unnið með mismunandi hefðir og hátíðir þátttökulandanna. Með þátttöku í verkefninu fékk starfsfólk og nemendur innsýn í ólíka menningu þessara þjóða. Hér í Krílakoti voru haldnir hátíðlegir dagar tileinkaðir hverju landi og vann starfsfólk ásamt börnum m.a. með tónlist, mat, bækur, ljósmyndir og lifandi myndir o.fl. frá þátttökulöndunum.

Dýrmætasti lærdómurinn af samstarfi sem þessu er án efa þau áhrif sem það hefur á hugarfar starfsfólks, sem eru aukið umburðarlyndi, víðsýni, virðing, jákvæðni og tillitssemi í garð fólks af erlendum uppruna. Þetta hefur þróast með heimsóknum í vinaskóla okkar og í gegnum persónulegt samstarf við kennara þátttökulandanna. Nú þegar er þetta farið að hafa jákvæð áhrif á samskipti við foreldra nemenda Krílakots sem eru af erlendum uppruna.



Samstarf við aðra skóla eða stofnanir

Krílakot er í góðu samstarfi við aðra skóla í Dalvíkurbyggð, Kötlukeppni, grunnskólana og tónlistarskólann. Unnið er að ýmsum sameiginlegum verkefnum þvert á skólastigin, eins og Leikskólalæsi, Tónar eiga töframál, á grænni grein og Uppeldi til ábyrgðar.

Dalvíkurskóli

Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir til fyrsta og annars bekkjar og börn og kennarar vinna ákveðin verkefni saman yfir veturinn. Fimmti bekkur er vinabekkur leikskólanna og hann tekur meðal annars þátt í Vetrarleikum með leikskólunum, þá eru einnig ýmis önnur tækifæri nýtt til samstarfs. Sjöundi bekkur kemur einu sinni yfir veturinn og les fyrir krakkana en það er hluti af æfingu fyrir upplestrarkeppni sem bekkurinn tekur þátt í. Nemendur úr 10. bekk hafa komið í starfsnám í leikskólann, þá hafa einnig grunnskólanemendur verið í reglulegu verknámi á leikskólanum yfir veturinn sem hefur gefist afar vel. Starfsfólk leikskólans og grunnskólans vinnur saman og nýtir þekkingu og starfskrafta hvors annars og gera áætlun um samstarf hvert ár.

Bókasafn Dalvíkurbyggðar og Byggðasafnið

Farið er í reglulegar heimsóknir á bókasafnið þar sem lesið er fyrir börnin, þau skoða bækur eða spila. Markmiðið er að börnin læri að þekkja bókasafnið, læri að þekkja reglur þar og að umgangast bækur af virðingu. Þá eru einnig farnar ferðir á Byggðasafnið, oftast en ekki tengd við þema sem er í gangi hverju sinni



Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar

Haustið 2012 hófst formlegt samstarf milli tónlistarskóla Dalvíkur og Kátakots. Í upphafi kom kennari frá tónlistarskólanum, Bjarni Heimir Ingimarsson, í leikskólana einu sinni í viku. Tímarnir með Heimi gengu vel, börnin voru ánægð og var tekin ákvörðun um að halda samstarfinu áfram veturinn 2013-2014. Unnin var áætlun þar sem ákveðin hljóðfæri eru kynnt fyrir börnunum í hverjum mánuði, ákveðin lög eru sungin og börnin fá tækifæri til að læra að slá takt með hristum, hreyfa sig í takt og njóta söngs og tónlistar. Allir söngvarnir sem sungnir eru í stundunum eigum við á diskum svo hægt sé að hlusta milli tónlistartíma. Markmið tónlistarstundanna er að börnin kynnist mismunandi hljóðfærum og hljóðgjöfum, læri að vinna saman í hóp og efla félagsþroska, læri fjölbreytta söngva og slá takt. Að endingu hittust leikskólarnir á degi íslenskrar tungu í menningarhúsinu Bergi og sungu saman í tilefni dagsins. Í janúar 2014 hætti Heimir störfum og samstarfið féll niður. Haustið 2014 hófst það að nýju með örlítið breyttu sniði en nú koma kennarar tónlistarskólans reglulega í heimsókn á söngfundi, kynna hljóðfæri og taka þátt í söngfundinum.

Mat á skólastarfi

Lög um leikskóla kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Niðurstöður úr matinu skulu birtar opinberlega (Lög um leikskóla 2008).

Mikilvægt er að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við matið svo það nái til skólastarfsins í heild; m.a. er notast við viðhorfskannanir, staðlaða lista, árleg starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl og þroskalista. Kannanir eru gerðar á vegum fræðsluviðs eða Krílakots ár hvert, þar sem kannað er viðhorf og reynsla annars vegar foreldra og hins vegar starfsfólks af leikskólastarfinu. Gerð hefur verið 4 ára matsáætlun sem nær til sem flestra þátt leikskólastarfsins og má finna hana á heimasíðu leikskólans. Einnig er unnin mats skýrsla ár hvert og er hana einnig að finna á heimasíðu skólanna.

Á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum fer fram mikilvægt mat sem nýtist til umbóta. Ekki er eingöngu hægt að meta starfið út frá mælistikum og eiga því þær umræður og sú ígrundun sem fram fer á þessum fundum mikilvægan þátt í endurmati og þróun skólastarfsins. Fundargerðir eru haldnar á þessum fundum.

Mat á árangri og framförum er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa (Aðalnámskrá leikskóla 2011).

Mat barna á starfi er nýjung í Krílakoti. Á komandi vetri munu börnin meta starfið og til að það verði sem marktækast notum við ákveðna aðferðafræði þar sem börnin raða myndrænt hvað þeim finnst um ákveðna þætti skólastarfsins.

Niðurstöður á mati er að finna á heimasíðu leikskólans.

Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla. Hann ber ábyrgð á rekstri leikskólans og að unnið sé eftir þeim lögum, reglugerðum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið.

Aðstoðarleikskólastjóri er aðstoðarmaður leikskólastjóra og ber ásamt honum ábyrgð á rekstri leikskólans. Er staðgengill í fjarveru leikskólastjóra og starfar þá samkvæmt starfslýsingu hans. Vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins.

Staðgengill leikskólastjóra í Krílakoti, sem jafnframt er deildarstjóri, leysir leikskólastjóra af í fjarveru hans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og menntun barnahópsins á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldi og menntun barnanna. Leikskólakennarar eru leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins.

Leiðbeinendur vinna að uppeldi og menntun barnanna í samstarfi við leikskólakennara og undir stjórn deildarstjóra.

Matráður og aðstoðarmatráður sjá um samsetningu matseðla, innkaup, matargerð og þvotta.

Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál.

Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

Mötuneyti

Framleiðslueldhús er starfrækt í Krílakoti. Áhersla er lögð á hollan og góðan heimilismat og er stuðst við viðmið Lýðheilsustöðvar og Heilsuleikskóla í þeim efnum. Reynt er að útbúa sem mest á staðnum; t.a.m. er boðið upp á heimatilbúna kæfu, lifrabuff, fiskfars og -bollur svo eitthvað sé nefnt. Mjög gott samstarf er við fyrirtæki í byggðarlaginu sem leiðir til þess að ferskur fiskur er á boðstólum tvisvar í viku.

Alúð og metnaður er lagður í að mæta þörfum barna og starfsfólks sem hafa sértækar þarfir í fæðuvali; vegna fæðu ofnæmis og/eða fæðu óþols.

Á heimasíðu leikskólans er að finna upplýsingar frá mötuneyti s.s. hvaða leiðir eru farnar til að stuðla að hollustu og vellíðan. Þar er að finna heimasíðu með vinsælum uppskriftum frá leikskólum um land allt fyrir þá sem vilja.



Hagnýtar upplýsingar

Afmæli

Í Krílakoti er afmældisdagur barnsins, sem er einn merkasti áfangi í lífi þess, haldinn hátíðlegur með því að barnið fær að flagga íslenska fánanum. Þá er afmælisbarnið sjálft „stjarna“ dagsins, fær að búa sér til kórónu, velja fyrst í valinu og vera þjónn í hádeginu. Í samverustund þann daginn er afmælisöngurinn sunginn fyrir barnið, kveikt á kertum því til heiðurs og að því loknu fær barnið að bjóða hinum börnunum upp á ávexti.

Fatnaður

Mikilvægt er að klæðnaður sem börnin klæðast sé þægilegur og poli ýmis óhöpp sem geta átt sér stað í leik og starfi svo sem málningarslettur, lím, leirbletti svo eitthvað sé nefnt. Þá getur það verið fyrirtaks æfing og aukið sjálfstraust barnsins til muna að vera í klæðnaði sem það getur auðveldlega sjálft klætt sig í og úr í amstri dagsins.

Skipulags- og námskeiðsdagar

Skipulags- og námskeiðsdagar eru til samans fjórir á ári. Þeir eru meðal annars nýttir til mats og þróunar á skólastarfinu og í námskeiðshald auk almennrar skipulagningar vegna starfsins.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldnir reglulega yfir skólaárið. Hluti þeirra er haldinn á opnunartíma leiksólans en þá er leikskólanum lokað á hádegi eða opnar um hádegi. Þetta eru fjórir dagar á ári sem lokað er hálfan daginn. Auk þess hefur Dalvíkurbyggð verið með sameiginlegan starfsdag fyrir allt starfsfólk Dalvíkurbyggðar einu sinni ári í 4 klukkustundir, þá er öllum stofnunum á Dalvík lokað.

Deildarfundir

Deildarfundir eru haldnir reglulega yfir veturinn. Þar fer fram mikilvægt samráð kennara hverrar deildar á mati, ígrundun og skipulagi á námi barnanna. Deildarfundir eru haldnir utan opnunartíma leikskólans.

Slys/óhöpp

Ef barn verður fyrir því óláni að verða fyrir slysi/óhappi á leikskólanum er strax haft samband við foreldra/forráðamenn þess. Ef þörf þykir er farið rakleitt með barnið á heilsugæslu til aðhlyningar. Dalvíkurbyggð greiðir kostnað vegna fyrstu heimsóknar á heilsugæslu. Áfalla- og slysaáætlun leikskólanna er að finna á heimasíðu

leikskólanna.<http://www.dalvikurbyggd.is/resources/Files/krilakot/frettabref/afalla-og-slysaatun-Krilakots-2015.pdf>

Veikindi og frí

Það er mikilvægt og góður vani að tilkynna veikindi og frí barnsins til leikskólans. Ef um langvarandi veikindi er að ræða reynum við að verða við óskum um inniveru einn dag eftir að barn kemur aftur í leikskólann.

Foreldrahandbók

Á heimasíðu leikskólans er að finna foreldrahandbók Krílakots þar sem hagnýtar upplýsingar um skólann og starfsemina er að finna. Við hvetjum foreldra til að kynna sér handbókina en allir nýjir foreldrar í Krílakoti fá foreldrahandbókina útprentaða við upphaf skólagöngu barna sinna.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Menntamálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Menntamálaráðuneytið.
- Casey, Theresa. 2010. *Inclusive Play. Practical Strategies for Children from Birth to Eight*. SAGE Publications.
- Dewey, John. 1897. *My Pedagogic Creed*.
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. 2007. *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Netla—Veftímarit um uppeldi og menntun.
- Kristín Norðdahl. (2005) *Út um mó inn í skóg*.
- Lög um leikskóla 2008.
- Lýðheilsustöð/Heilsustefna nóv. 2010.
- Seefeldt, C og Alice Galper. (2000). *Active experinces for active children. Putting Dewey's Theory Into Practice*. Ohio, Merrill.
- Stefna leikskóla Dalvíkurbyggðar í að mæta sértækum þörfum barna [2010].
- Valborg sigurðardóttir. *Leikur og leikuppeldi*. Menntamálaráðuneytið 1991.
- Who (1997). *Life skills education in schools. Programme on metnal health*.